

15. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

18. febrúar 2021 kl. 15.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Edda Arndal, fulltrúi foreldraráðs og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

FUNDURINN FÓR FRAM Í HUPPUSAL Í FÉLAGSHEIMILI HRUNAMANNA

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla leikskólastjóra
2. Athugasemdir við útfærslu á styttingu vinnuvikunnar
3. Dagur leikskólans, 6. febrúar sl.

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra

Nú á nýju ári horfum við bjartsýn fram á veginn. Hér á leikskólanum höfum við reynt að hafa hlutina í eins föstum skorðum og hægt er miðað við það sem hefur verið fyrir okkur lagt í Covid ástandinu. Við erum ennþá með grímur þegar við tökum á móti og skilum börnunum og gerum kröfu um að foreldrar séu líka með grímur. Það var mikill léttir þegar 20 máttu koma saman því þá var loksins hægt að hafa starfsdag og vinna meira saman sem heild.

Við erum ekki ennþá farin að opna leikskólann fyrir foreldrum og ætlum að bíða og sjá hvaða reglur koma í lok febrúar þegar von er á nýrri reglugerð fyrir skóla landsins.

Jólin komu og fóru, jólaballið var haldið úti í kvenfélagsskógi. Nemendur á Skógarkoti fóru út í skóg og skreyttu lítið lifandi jólatré sem við fengum lánað og síðan bættust aðrir nemendur í hópinn og það var dansað í kringum tréð. Jólaveinar kíktu við með glaðning frá foreldrafélaginu. Þetta var skemmtileg tilbreyting og aldrei að vita nema við gerum þetta aftur, er alveg í anda þess að við teljum okkur vera útikennsluskóla.

Fyrir jól hefur verið venja að séra Óskar komi til okkar og spjalli við bornin. Í covid var þetta ekki hægt en við erum lausnamiðuð og stungum upp á að fá rafræna heimsókn frá Óskari. Hann brást vel við því og krakkarnir voru ánægðir með að fá uppbrot í boði Óskars.

Gerð var könnun um mætingu milli jóla og nýárs og þessa þrjá daga sem var opið mættu milli 9 og 12 börn á hverjum degi.

Þar sem stefnir í að leikskólinn verði fullskipaður var ákveðið að kaupa ný húsgögn í matsal sem eru þannig að minna mál er að rýma salinn og nota hann undir ýmiskonar starf og leiki. Við erum hæstánægð með nýju húsgögnin og salurinn nýtist betur.

Börnunum fer fjölgandi hér á leikskólanum og núna í byrjun mars gerum við ráð fyrir að hér verði 47 börn. Elma kom úr fæðingarorlofi um áramót og auk hennar var ráðinn starfsmaður á yngstu deildina því þegar börnunum fjölga þarf líka að fjölga starfsfólki. Við höfum verið heppin með að geta ráðið inn fólk a.m.k. fram að sumarfrí en alltaf verða einhverjar breytingar þegar elstu börnin fara yfir í Flúðaskóla. En sem betur fer eru komnar nokkrar umsóknir um pláss í haust þannig að ekki er gert ráð fyrir mikilli fækkun á börnum.

Eins og gengur á stórum vinnustað fer fólk í veikindaleyfi og/eða fæðingarorlof. Við höfum þurft að bjarga okkur þar sem það er nú yfirleitt óvænt þegar fólk fer í veikindaleyfi en allt hefur þetta bjargast með frábærum starfsmannahóp sem snýr baki saman og hjálpast að. Gaman er að segja frá því að leikskólar landsins fengu afhent Orðsporið 2020 á degi leikskólans, 6. febrúar.

Það var mat valnefndar um Orðsporið að leikskólakennarar, stjórnendur og starfsfólk leikskólanna hafi sýnt ótrúlega elju og fagmennsku á tímum COVID-19. Leikskólarnir hafa unnið afar vel úr erfiðum aðstæðum með velferð og nám barna í algjöru fyrirrúmi.

„Leikskólastigið hefur staðið í ströngu undanfarið ár og mikið hefur mætt á kennurum, stjórnendum og öllu starfsfólki leikskólanna við að halda leikskólastarfi gangandi. Unnið hefur verið algjört þrekvirki á leikskólastiginu og fyrir það ber að þakka. Ég geri mér grein fyrir því að þetta hefur verið á tímum mjög erfitt. Þess vegna vil ég þakka öllum þeim sem starfa á leikskólastiginu fyrir þeirra vinnu. Þið eigið svo sannarlega skilið Orðsporið 2021,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra þegar hún tilkynnti um verðlaunin.

Á Degi leikskólans auglýstum við sýningu á verkum nemenda í gluggum leikskólans og vonandi hafa einhverjir kíkt við og skoðað hvað er verið að gera hér.

Skólanefnd samþykkir framlagða skýrslu.

2. Athugasemdir við útfærslu á styttingu vinnuvikunnar

Formaður lagði fram tvö bréf frá foreldrum barna á leikskólanum vegna styttingu vinnuvikunnar. Megininnihaldið er að stytting opnunartíma leikskólans sé í andstöðu við tilganginn um styttingu vinnuvikunnar, þ.e. að ekki eigi að skerða þjónustu. Þannig sé lokun leikskólans kl. 15.00 á föstudögum, ekki í anda verkefnisins.

Einnig er gagnrýnt að breytingin hafi komið seint fram og þannig hafi foreldrum ekki gefist ráðrúm til að gera ráðstafanir í tíma vegna lokunar leikskólans kl. 15.00 í stað 16.00 á föstudögum.

Málið rætt.

Skólanefnd tekur undir þá gagnrýni að breytingin hafi komið seint fram og þannig valdið óþægindum hjá foreldrum við að finna lausn á styttingunni. Nefndin biðst, fyrir sitt leyti, velvirðingar á því.

Rétt þykir að benda á hver ferill málsins hefur verið fram að þessu:

Þann 30. september 2020 var eftirfarandi bókun gerð í sveitarstjórn:

2. Kjarasamningar: Stytting vinnuvikunnar. *Oddviti kynnti fyrirhugaða styttingu vinnutíma hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki samkvæmt kjarasamningum. Sveitarstjórn samþykkir að útfærsla Hrunamannahrepps felist í að vinnutími dagvinnufólks styttest um 13 mín. á dag. Þá samþykkir sveitarstjórn að stofna vinnutímanefnd sem vinni að innleiðingu í samræmi við kjarasamninga um styttingu vinnutíma sem í sitji sveitarstjóri, launafulltrúi, forstöðumenn stofnana og fulltrúar starfsfólks á hverjum vinnustað.*

Starfsfólk leikskólans lagði fram tillögu, þann 1. október, um vinnutímastyttingu, en sú leið var ekki samþykkt og því komst vinnutímanefndin ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Málinu var því frestað á fundi skólanefndar þann 30. október 2020.

Áfram var unnið í málinu og nú á milli leikskólans og sveitarstjóra þar sem niðurstaðan var sú leið sem nú er í gildi, þ.e. að loka kl. 15.00 á föstudögum.

Alltaf hefur legið fyrir að þessa ákvörðun ætti að endurskoða í ljósi reynslunnar.

Tilgangurinn með styttingu vinnuvikunnar er m.a. að viðhalda gæðum þjónustu og skilvirkni og bæta lífsgæði almennt. Miðað er við að samræmi sé á milli aðila á vinnumarkaði í styttingu vinnuvikunnar.

Verkefnið snúist því um gæði þjónustu, skilvirkni, betri líðan starfsfólks og auknar samverustundir hjá fjölskyldum.

Til þess að þetta náist fram þarf styttingin að vera almenn, en því markmiði hefur ekki verið náð, enda má gera ráð fyrir að svo stór breyting á vinnumarkaði taki sinn tíma.

Skólanefnd leggur því til að tekið verið tillit til framkomina athugasemda og að vinnutímanefndin, sem stofnuð var sl. haust, hlutist til um hentugri útfærslu þar sem leitast verður eftir því að samræma framkomin sjónarmið, sbr. bókun á síðasta fundi skólanefndar. Skólanefnd leggur áherslu á að niðurstaða náist sem fyrst.

3. Dagur leikskólans, 6. febrúar sl.

Leikskólastjóri kynnti málið. Þetta er 14. sinn sem Dagur leikskólans er haldinn. Eins og fram kemur í skýrslu leikskólastjóra var „Orðsporið“ veitt leikskólum landsins þennan dag fyrir að hafa unnið þrekvirki á tímum Covid-19 faraldursins, en Orðsporið eru hvatningarverðlaun til þeirra sem þykja hafa skarað fram úr og unnið ötullega í þágu leikskólastigsins í landinu.

Næsti fundur ákveðinn síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.